

## Fundargerð 2. maí 2019

### 3. fundur FFBSB

**Mætt:** Vala, Áshildur, Benedikt og Lára, Margrét og Ásta frá stjórnendum.

**Fjarverandi:** Haukur og Katla

Á dagskrá fundarins voru m.a. komandi viðburðir:

- Vorhátíð 5. júní milli kl. 17 - 19 í kjölfar opins húss hjá skólanum vegna afmælis skólans. Tala á aftur við Sirkus Ísland um að vera með atriði á vorhátíðinni. Andakeppni og grill á sínum stað ásamt útileikdóti og andlitsmálningu. Unglingar sjá um tónlist og stoppdans.
  - *Græja: Sirkur, grill, pylsur, safar, bíómiðar, andlitsmálning, útileikdót, vöðlur.*
- Afmæli skólans haldið 6. júní fyrir nemendur og starfsfólk á skólatíma. Foreldrafélagið styrkir skólann um 100 þúsund krónur til kaupa á atriði, skólinn sér um að velja það sjálfur.

#### **Fjármál:**

Góð staða en senda á út áminningarpóst til foreldra, margt smátt gerir eitt stórt á þessu afmælisári.

#### **Önnur mál:**

##### Páskabingó:

Lagt til að skipta því í tvennt á næsta ári vegna mikils fjölmenni í ár. Það var orðið þröngt og ekki gott fyrir alla að heyra og sjá bingótölurnar. Að öðru leyti gekk bingóið vel (30 stór egg).

##### Foreldrarölt:

Enn gengur erfiðlega að fá fólk til að mæta, umræður um skipulag næsta vetrar.

##### Dale Carnegie:

Námskeið sem við fengum að gjöf verður gefið skólanum til ráðstöfunar, en hugmyndin er að skólinn velji útskriftarnemanda sem hlotnast muni þetta námskeið að gjöf við útskrift frá skólanum þann 7. júní.